

Verklagsreglur um rafræna vöktun



1. Markmið og gildissvið

- 1.1. Megin markmið með reglum þessum er að stuðla að jafnvægi milli annarsvegar starfsmanna Sólheima og annara sem sæta rafrænni vöktun og hins vegar hagsmuna Sólheima af því að tryggja öryggi og hafa eðlilegt eftirlit á starfstöðvun sínum í samræmi við reglur nr. 50/2023 um rafræna vöktun.
- 1.2. Reglurnar eru jafnframt hluti af öryggiskerfi Sólheima og er ætlað að auka rekstraröryggi stofnunarinnar. Þá er reglunum ætlað að tryggja að jafnvægi ríki annars vegar á milli hagsmuna Sólheima af rafrænni vöktun innan starfseininga stofnunarinnar og hins vegar hagsmuna starfsmanna af því að njóta eðlilegs einkalífsréttar á vinnustað.

2. Skilgreiningar

- 2.1. Í reglum þessum hafa eftirfarandi orð þá merkingu sem hér greinir:
 - (i) *Rafræn vöktun*: Vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega og felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer að jafnaði um. Hugtakið tekur til:
 - a. vöktunar sem leiðir, á að leiða eða getur leitt til vinnslu persónuupplýsinga,
 - b. sjónvarpsvöktunar sem fer fram með notkun sjónvarpsmyndavéla, vefmyndavéla eða annars samsvarandi búnaðar, án þess að fram fari söfnun myndefnis eða aðrar aðgerðir sem jafngilda vinnslu persónuupplýsinga.
 - (ii) *Ábyrgðaraðili*: Sá aðili sem ákveður, einn eða í samvinnu við aðra, tilgang og aðferðir við rafræna vöktun.

3. Tilgangur og ábyrgð vöktunar

- 3.1. Tilgangur rafrænnar vöktunar innan starfseininga Sólheima er í þágu öryggis og eignavörslu og gætt er að því að einkalífsréttur starfsmanna og annarra sem um svæðið fer sé ávallt virtur.

- 3.2. Framkvæmdastjóri er ábyrgðaraðili vöktunar innan starfseininga Sólheima. Þau svæði sem eru undir eftirliti rafrænnar vöktunar eru ávallt merkt svo einstaklingum sem fara þar um sé ljóst að vöktun fari fram.
- 3.3. Framkvæmdastjóri felur viðeigandi yfirmanni að kynna sérstaklega þeim hópum fólks sem að jafnaði starfa á vöktuðu svæði í samræmi við kröfur reglna nr. 50/2023 um rafræna vöktun.

4. Varðveisla og vinnsla upplýsinga

- 4.1. Öll vinnsla persónuupplýsinga sem á sér stað í tengslum við rafræna vöktun skal uppfylla ákvæði laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og ákvæði reglugerðar (ESB) 2016/679.
- 4.2. Það efni sem Sólheimar safna við vöktunina verða ekki afhent öðrum eða unnið frekar með nema með samþykki þess sem upptakan er af, eða í samræmi við 10.gr. reglna 50/2023 um rafræna vöktun, á grundvelli 10.gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og persónuupplýsingar.
- 4.3. Persónuupplýsingum sem verða til við rafræna vöktun innan starfseininga Sólheima skal ekki verðveitt lengur en 30 daga, nema um sé að ræða upplýsingar sem falla undir 11.gr. reglna 50/2023 um rafræna vöktun.
- 4.4. Tryggja skal að upplýsingar sé varðveittar með tryggum hætti þannig að einungis framkvæmdastjóri og viðeigandi yfirmaður hafi aðgang að þeim.

5. Kynning og birting verklagsreglna

- 5.1. Starfsmanni skulu kynntar reglur þessar og tryggja að þær séu honum ávallt aðgengilegar.

6. Eftirlit

- 6.1. Eftirlit með því að reglum þessum sé fylgt er í höndum framkvæmdastjóra Sólheima eða þess sem hann felur slíkt eftirlit sérstaklega og vera í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Ef eftirlitið er falið öðrum en framkvæmdastjóra skal það tilkynnt starfsmönnum Sólheima.
- 6.2. Upplýsinga sem aflað er vegna eftirlits með reglum þessum má eingöngu nota í þágu eftirlitsins. Þær má ekki afhenda öðrum, vinna frekar eða geyma nema með samþykki starfsmanns. Þó er heimilt að afhenda lögreglu efni með upplýsingum um meintan refsiverðan verknað en þá skal gæta þess að eyða öðrum eintökum nema sérstakir lögvarðir hagsmunir standi til annars. Þá er heimilt að nota gögn til að afmarka, setja

fram eða verja réttarkröfu vegna dómsmáls og annarra laganauðsynja, t.d. í tengslum við brottvikningu úr starfi.

7. Afleiðingar brota

- 7.1. Brot gegn reglum þessum geta varðað áminningu, eða ef um endurtekin eða alvarleg brot er að ræða, brottvikningu úr starfi.

8. Gildistaka

- 8.1. Reglur þessar eru settar í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og verndun persónuupplýsinga, auka reglna nr. 50/2023 um rafræna vöktun.
- 8.2. Verklagsreglur þessar taka þegar gildi.
- 8.3. Yfirfara skal verklagsreglur þessar eftir því sem þörf krefur.